

Grundarfjarðarbær
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Grundargötu 30
350 Grundarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 2. júní 2015
UST201505-005/K.S.J.
10.04.02

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015 - Aðveitustöð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Grundarfjarðar er barst 3. maí sl. þar sem óskað er umsgagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003 – 2015.


Tillagan felur í sér að núverandi tengivirki sem er staðsett sunnan íþróttahúss verður lagt af og breytist svæðið úr iðnaðarsvæði í opið svæði til sérstakra nota, fyrir útivist og ferðaþjónustu. Ný aðveitustöð verður byggð ofan við iðnaðarhverfi vestan Kvernár, það svæði breytist úr óbyggðu svæði í iðnaðarsvæði. Einnig er gert ráð fyrir því að loftlína frá núverandi tengivirki að nýju aðveitustöðinni verði lögð af og í staðinn verði nýr jarðstrengur 66 kV, lagður meðfram reiðvegi er liggur um svæðið.


Staðsetning

Í greinargerð er farið yfir mismunandi kosti varðandi staðsetningu. Umhverfisstofnun tekur undir þá staðsetningu sem valin er. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að leitast verði við að aðlaga mannvirki eins vel að landslaginu og kostur er.

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um breytingar á vatnsverndarsvæði fyrir þéttbýlið á Grundarfirði.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur